



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir sérskóla (Myndlistaskólinn í Reykjavík) að Rauðarárstíg

10 Nafn leyfishafa: Myndlistaskólinn í Reykjavík ses.

Heimilisfang: Rauðarárstíg 10

Póstnúmer: 105

Kennitala: 460269-4079

Útgáfudagur leyfis: XX.XX. 2025

Gildir til: XX.XX. 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir skóla og kennslustaði ætluðum börum og fullorðum 6 eða fleiri, og Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.*

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, XX.XX. 2025



Reykjavík

Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Umsókn móttokin

08-08-2024 15:18

Tungumál á Mínum síðum: IS

Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á
Flutningur í nýtt húsnæði

Starfsemi hefst
01-09-2024

Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar
Myndlistaskólinn í Reykjavík

Aðsetur starfsstöðvar
Rauðarárstígur 10

Póstnúmer aðseturs
105 Reykjavík

Símanúmer

Netfang
mir@mir.is

Heimasíða
www.mir.is

Nafn fyrirtækis
Myndlistaskólinn í Reykjavík

Kennitala fyrirtækis

4602694079

Lögheimili fyrirtækis

Hringbraut 121

Póstnúmer fyrirtækis

101 Reykjavík

Forsvarsmaður

Nafn forsvarsmanns

Myndlistaskólinn í Reykjav ses. [Áslaug Thorlacius skólastjóri](#)

Kennitala forsvarsmanns

Sími forsvarsmanns

Netfang forsvarsmanns

aslaug@mir.is

Hvar fer starfsemin fram?

Hvar fer starfsemin fram?

Í fasteign

Fasteignanúmer

F201-0365

Rýmisnúmer

03 02 02

Starfsemi

Hvers konar starfsemi?

Hollustuhættir

Nánari lýsing á starfseminni

Skólastarf. Viðfangsefnið er myndlist, hönnun og listhandverk fyrir fólk á öllum aldri, á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Unnið er með eiturlaus efni svo fremi sem það er hægt en þó þarf að nota leysiefni í tengslum við málverk og textíl og að auki er keramik kennt og þar er unnið með glerunga. Einnig fer fram kennsla í ljósmyndun og filmuframköllun þar

sem unnið er með tilheyrandi vökva. Allt sorp sem til fellur er flokkað og því skilað á Sorpu. Framköllunarefnum og leysiefnum er skilað í efnamóttöku. Á leir- og gifsverkstæðum eru gildirur undir vöskum sem safna föstu efni. Á vinnustofum málara er spilliefnum safnað í brúsa og penslar og annað er þvegið með penslasápu. Í myrkarherbergi er notuðum vökva sömuleiðis safnað í brúsa. Loftræsikerfi er í húsinu en auk þess er sérstök loftræsing þar sem glerungar eru blandaðir. Hljóðvist er góð en öll loft eru klædd plötum sem draga úr hávaða. Spilliefni eru geymd í læstum skápum sem börn ná ekki til. Hreingerningaefni eru einnig geymd í læstum herbergjum. Í skólanum eru tvær kaffistofur fyrir nemendur og forráðamenn þeirra og kaffistofa fyrir starfsfólk en bannað er að neyta matar og drykkja í kennslustofum. Tvær uppþvottavélar eru í kaffistofu nemenda í dagskóla og ein í hinum kaffistofunum.

Fylgigögn

Viðbótargögn

-

Skilmálar

Já, ég samþykki!

✓



Reykjavík, 17. september 2025
USK25090149

UMSÖGN BYGGINGARFULLTRÚA: Starfsleyfi

Viðtakandi: Myndlistaskólinn
Sendandi: Byggingarfulltrúi

Heimilisfang: Rauðarárstígur 10
Merking: 03-0202 fasteignanúmer F2010365
Starfsemi: Myndlistarskóli

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi fyrir myndlistarskóla að Rauðarárstíg 10. Starfsemin fer fram á 2. hæð, 3. hæð og 4. hæð.

Húsnæðið heimilar þessa notkun.
Samkvæmt heimildum byggingarfulltrúa er ekki séð að breyting hafi átt sér stað á húsnæðinu frá samþykktum aðaluppdráttum dags. 13.05.2025 (USK24080168 ásamt breytingarerindi USK25030038) – ef svo er ber að sækja um byggingarleyfi hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Öryggisúttekt er staðfest með útgáfu vottorðs dags 05.10.2025.

Öryggisúttekt er staðfest með eftirfarandi athugasemdum: • Niðurföll vantar í nokkur rými, búið er að setja vatnsskynjara í stað. • Kantur við inngangshurð er yfir 25mm, er í kringum 40-50mm • Svalir 2.hæð er ekki í samræmi við aðaluppdrætti, búið er að loka fyrir svalir og þær teknar úr notkun • Sturta á 3.hæð er ekki í samræmi við aðaluppdrætti. Það er stór vaskur þar sem hún er teiknuð. • Þjónustusamning vegna eftirlits og viðhalds á lyftu liggur ekki fyrir

Vottorð þetta leyfir notkun til 05.9.2027 en þá skal vera búið að gefa út vottorð um lokaúttekt fyrir húsnæðið

Virðingarfyllst,
Berglind Björg Sigvaldadóttir
Byggingarfulltrúi
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hætta af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sörpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum.
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hættu af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
 - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
 - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
 - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
 - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
 - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífoldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólþ, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- a) Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - b) Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - c) Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - d) Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7 Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

Skóla og kennslustaði ætluð börnum eða fullorðnum 6 eða fleiri

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rlg. .nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfið gildir fyrir kennsluhúsnæði fyrir börn eða 6 eða fleiri fullorðna, svo sem tónlistarskóla, myndlistarskóla o.fl. hvort sem um er að ræða einkaskóla eða skóla sem reknir eru á vegum hins opinbera. Starfsleyfið gildir ekki fyrir leik- eða grunnskóla, framhaldsskóla, eða háskóla.	941/2002	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins.	941/2002 14.gr.	
1.3	Þess skal gætt við staðsetningu kennsluhúsnæðis að ekki verði um að ræða ónæði vegna hávaða frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi.	941/2002 34.gr.	
1.4	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði	941/2002 7.gr.	
1.5	Innra eftirlit skal vera í samræmi við 11. gr. reglugerðar um hollustuhætti eins og nánar er tilgreint í skilyrðum þessum.	941/2002 11.gr. og 36.gr.	
1.6	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14. gr.	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstrinum að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002 13.gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rlg.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel við haldið og aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.	941/2002 14.gr.	
2.2	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 14.gr.	
2.3	Hljómburður skal vera hæfilegur og hljóðeinangrun þannig að ekki valdi verði truflun af ólíkri starfsemi innan skólans.	941/2002 37.gr.	
2.4	Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni	941/2002 37.gr.	
2.5	Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera ræstilaug og nægjanlegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14.gr.	
2.6	Um fjölda salerna fer skv. byggingarreglugerð.	942/2002 15. gr.	
2.7	Þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir karla og konur	941/2002, 15. gr.	
2.8	Ruslafata með loki skal vera í hverjum salernisklefa	941/2002, 15. gr.	
2.9	Sé ípróttaaðstaða til staðar gilda eftir því sem við á starfsleyfissskilyrði fyrir íþróttamannvirki og líkamsræktarstöðvar. Sé leiksvæði staðar gilda starfsleyfissskilyrði fyrir leiksvæði barna.	941/2002 37.gr. 54.gr 942/2002 54.gr	
2.10	Sé aðstaða til verknáms til staðar, svo sem aðstaða til náms í snyrtigreinum, vélgreinum, tréiðnaði, og efna- og eðlisfræði ber rekstraraðili ábyrgð á að tæki og búnaður séu samkvæmt viðurkenndum öryggiskröfum. Stærri verknámsaðstaða getur verið starfsleyfissskyld t.d. verknámsaðstaða til bifvélavirkjunar og fer þá skv. ákvæðum reglugerða um vinnustaði m.a. tengt húsnæði, öryggis- og heilbrigðisráðstöfunum og hávaðavörnum.		

3. HÁVAÐI

		Rlg.nr.	Uppfyllt
3.1	Um hávaða gildir reglugerð nr. 724/2008. Virða skal mörk um hávaða. Gæta skal þess að hljóðstig verði ekki það hátt að valdi óþægindum.	724/2008 7.gr.	

3.2	Hljómburður skal vera hæfilegur og hljóðeinangrun þannig að ekki valdi verði truflun af ólíkri starfsemi innan skólans.	941/2002 Gr.37	
-----	---	-------------------	--

4. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rlg.nr.	Uppfyllt
4.1	Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg og verklýsing á hverju vinnusvæði þar sem fram kemur hversu oft á að þrifa og hvaða efni á að nota til þrifa	941/2002 Gr. 11, 14, 34 og 36	
4.2	Alsherjarhreingerning eða málun skal fara fram eftir þörfum	941/2002 Gr.11 og 14	
4.3	Gólfefni og annar frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002 gr.11 og 14	
4.4	Loftræsikerfi skal halda við og hreinsa reglulega. Þjónustuhandbók fyrir vélrænt loftræsikerfi eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 gr.11 og 14	
4.5	Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum gæludýrum inn í húsnæðið eða lóð. Heilbrigðisnefnd getur heimilað að farið sé með dýr inn í skóla í afmarkaðan tíma enda komi það fram í starfsleyfi eða gefið út einstakt leyfi fyrir sérstakar heimsóknir. Þó er fötluðum einstaklingum heimilt að hafa með sér hjálparhund.	941/2002 19.gr og fylgiskjal 3.	
4.6	Tóbaksreykingar eru bannaðar í kennsluhúsnæðinu og á lóð þess.	Lög nr. 6/2002	

5. MATVÆLI

		Rlg.nr.	Uppfyllt
5.1	Fara skal að ákvæðum matvælaireglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framreiðslu og dreifingu matvæla.	Rlg 103/2010 og 852/2004	

6. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rlg.nr.	Uppfyllt
6.1	Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja slys og leita allra leiða til að gera húsnæði, lóð, aðstöðu og búnað þannig úr garði að það sé sem öruggast fyrir börn.	941/2002 37.gr	

6.2	Setja skal starfsreglur sem miða við að auka öryggi og koma í veg fyrir slys. Fara skal eftir viðeigandi ÍST-EN stöðlum um öryggi og slysavarnir.	941/2002 37.gr	
6.3	Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns, þannig að vatnshiti fari ekki yfir 43°C á töppunarstað, í samræmi við 14.5.10. gr. byggingarreglugerðar nr.112/2012.	941/2002 14.gr.	
6.4	Skólastjóri skal skrá slys og óhöpp sem verða í skólanum á þar til gerð eyðublöð.	941/2002 11. og 36.gr. 942/2002 12.gr.	

7. UMHVERFISMÁL

		Rlg.nr.	Uppfyllt
7.1	Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.	941/2002 34.gr	
7.2	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs. Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.	737/2003, 12.gr.	
7.3	Lyf og hættuleg efni skulu geymd þar sem börn ná ekki til. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.	Lög nr. 61/2013 og rlg 947/2002 37. gr.	
7.4	Leitast skal við að nota umhverfismerkt efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru	941/2002 14. gr.	
7.5	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/1999	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,
 Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti
 Reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.
 Reglugerð 724/2008 um hávaða
 Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
 Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp
 Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni breytt með reglugerð nr. [169/2002](#).
 Lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir
 Lög nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum sem byggja á þeim
 Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn,
 Lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
 Reglugerð nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
 Byggingarreglugerð nr. 112/2012,
 Reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og og skólalóða,

Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

- 8531030 Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – bóknám
- 8532030 Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi – iðn- og verknám
- 8542040 Fræðslustarfsemi á háskólastigi
- 9329020 Önnur ótalin skemmtun og tómstundastarf

Reykjavík 19.07.2018



Kristín Linda Árnadóttir



